



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Akureyrarbær

Akureyri, 24. júní 2024
MÍ202406-0066/ 6.08 / S.G.

Gleráreyrar, umsögn um skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi

Óskað var umsagnar Minjastofnunar Íslands um aðalskipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins sem nær til verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs og nánasta umhverfis hennar. Skipulagssvæðið afmarkast af götunum Borgarbraut, Glerárgötu, Þórunnarstræti, Byggðavegi og Klettaborg. Stærð svæðisins er um 9 ha. Skipulagsgögnin voru aðgengileg rafrænt, skipulagslýsing dagsett 17. maí, og ódagsettur deiliskipulagsuppráttur og skýringarmyndir.

Breytingin snýr að því að skipulagssvæðið verður skilgreint sem miðsvæði með heimild fyrir 100-150 íbúðum. Vegna þessa nýja miðsvæðis fellur verslunar- og þjónustusvæði VP6 út auk þess sem íbúðabyggð ÍB4 minnkar þar sem svæði norðan Byggðarvegar og Klettaborgar verður hluti miðsvæðis.

Til er gömul fornleifaskráning fyrir svæðið, sjá Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson. 1997. *Fornleifaskráning í Eyjafirði VIII: Fornleifar í landi Stóra-Eyjarlands og Kotár* Minjasafnið á Akureyri og Fornleifastofnun Íslands FS034-95025 Akureyri

Minjavörður kannaði einnig svæðið á vettvangi þann 13 júní, síðastliðinn, en svæðið er allt raskað. Engar þekktar fornleifar eru á skipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort

verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

